



Reykjavík, 4. september 2020

R20090044

071

bp

Skóla- og frístundaráð

Borgartúni 12 - 14
105 REYKJAVÍK

Alþingiskosningar haust 2021


Bréf skrifstofu borgarstjórnar til forráðamanna kjörstaða, dags. 4. september 2020, vegna kosninga veturinn 2021-2022 er sent skóla- og frístundaráði til kynningar. Alþingiskosningar eru áætlaðar 25. september 2021 og kosningar til borgarstjórnar eru áætlaðar 28. maí 2022. Óskað er eftir að skóla- og frístundaráð hafi þetta til hliðsjónar við skipulagningu næsta vetrar hvað varðar starfsdaga og annað sem gæti haft áhrif á nýtingu húsnæðisins.

Þar sem nægur tími er til stefnu óskum við eftir að athugasemdir við þetta fyrirkomulag ef einhverjar eru berist skrifstofu borgarstjórnar sem fyrst svo að hægt sé að nýta tímann til að bregðast við og gera viðeigandi ráðstafanir eða breytingar.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:

Bréf skrifstofu borgarstjórnar til forráðamanna kjörstaða, dags. 4. september 2020





Reykjavík, 4. september 2020

R20090044

071

Til forráðamanna kjörstaða

Alþingiskosningar haust 2021

Bréf þetta er sent á forráðafólk kjörstaða í nýafstöðnum forsetakosningum. Við viljum þakka ykkur fyrir alla þá aðstoð og lipurð sem var sýnd til að aðlaga kjörstaði að breyttum aðstæðum vegna sóttvarnaráðstafana. Um leið og við þökkum ykkur fyrir samstarfið í sumar viljum við minna á að veturinn 2021-2022 eru áætlaðar bæði alþingiskosningar 25. september og kosningar til borgarstjórnar í maí 2022.

Skrifstofustjóri borgarstjórnar mun að öðru óbreyttu gera tillögu til borgarstjórnar um að kjörstaðir í Reykjavíkurdæmum verði sem hér segir í væntanlegum kosningum til Alþingis 25. september 2021:

Suður:

Hagaskóli	9	
Hlíðaskóli	4	
Borgarbókasafnið Kringlan	2	
Breiðagerðisskóli	7	
Breiðholtsskóli		3
Ölduselsskóli	6	
Íþróttamiðstöðin Austurbergi	6	
Árbæjarskóli	6	
Norðlingaskóli	2	
Ingunnarskóli S		2

Norður:

Ráðhús Reykjavíkur	9	
Vesturbæjarskóli	2	
Kjarvalsstaðir	6	
Laugalækjarskóli	5	
Menntaskólinn við Sund		7
Íþróttamiðstöðin Grafarvogi	6	
Vættaskóli Borgir	8	
Ingunnarskóli N	3	
Dalskóli	2	
Klébergsskóli		1

Hefðbundinn fyrirvari er gerður um endanlegan fjölda kjörstaða og kjördeilda.

Ábyrgðarfólk kjörstaða er vinsamlegast beðið um að taka tillit til þessa við áform um nýtingu næsta haust.

Þar sem nægur tími er til stefnu óskum við eftir að athugasemdir við þetta fyrirkomulag ef einhverjar eru berist skrifstofu borgarstjórnar sem fyrst svo að hægt sé að nýta tímann til að bregðast við og gera viðeigandi ráðstafanir eða breytingar.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar.